

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunnsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610



Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 14. TBL.

19. DESEMBER 2008

Syngjandi jólin í Hafnarborg - vellukkuð að vanda!



Syngjandi jólin, kóraráttíð hafnirskra kóra á aðventu, fór fram í ellefta skipti í ár. Hátíðin var haldin laugardaginn 6. desember í Hafnarborg. Tæplega 1000 manns komu fram til að syngja og voru það flest börn úr leik- og grunnskólum í Hafnarfirði. Að venju var margt um manninn og margir sem komu og hlustuðu á kórana. Það voru ekki síst foreldrar og afar og ömmur sem létu

sig ekki vanta. Stærsti kórinn í ár var frá Lækjarskóla og sést hann á myndinni hér efst.

Syngjandi jólin eru haldin í samstarfi við Hafnarborg og jólaþorpið á Thorsplani.

Það er mikil dagskrá í jólaþorpinu á morgun, 20. desember. Hún stendur yfir frá kl. 13-18. Þar koma m.a. fram Kór Öldutúnsskóla, hljómsveitin Buff, Lalli töfra- maður og Gunni og Felix.



Erna Blöndal, söngkona,



Egil Friðleifsson stjórnaði Syngjandi jólinum fyrstu tíu árin. Hann lét sig að sjálfsgöðu ekki vanta núna og hlýddi á fyrrum kórbörn sín syngja.



FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 16. desember
172. fundur:

- Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fræðsluráðs fyrir árið 2009. Áætlunin gerir ráð fyrir 0,9% hækkun á framlögum til fræðslumála árið 2009 frá árinu 2008. Í því felst talsverð hagræðing frá þessu ári ef tekið er mið af þróun verðbólgu og launahækkunum.

Fundum ráðsins á árinu 2008 er lokið og bauð formaður öllum gleðileg jól og þakkaði samstarfið á árinu.

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- Námsgagnastofnun leitar að kennsluverkefnum frá kennurum í grunnskólum til að gefa út á vef stofnunarinnar, [Textílmenntarvefurinn](#). Óskað er eftir að verkefni hafi verið prófuð í kennslu og séu sett upp í áþekku formi og eru á vefnum. Hægt er að senda inn verkefni til febrúarloka til ingo@nams.is. Greitt verður fyrir verkefni sem valin verða til birtingar.
- Nú í desember gaf stofnunin úr lausnir við kennslubækurnar **Átta til tíu**, bækur 2, 3 og 4. Þær eru á pdf-sniði til útprentunar og er hægt að nálgast þær á safnvef Námsgagnastofnunar um stærðfræði: [Stærðfræði fyrir unglinga](#).
- Nýjar bækur sem komu út hjá Námsgagnastofnun í desember eru m.a.
 - Dejlige Denmark** - þemahefti um danska menningu og land. Líka fánleg sem hljóðskrá.
 - Merkir sögustaðir: Þingvellir**. Áður hafa komið út bækur um Hóla og Skálholt.
 - Trúarbrögðin okkar**. Kennslubók fyrir yngsta stig. Fánleg sem hljóðskrá.



Í hverju felst kennarastarfið?

What teachers should know and be able to do er stutt yfirlýsing frá National Board for Professional Teaching Standards®. Þetta er eins konar stefna eða yfirlýsing um kjarnafærni kennara og einnig leiðbeiningar um áherslur í starfsþróun kennara og skólaþróun. Þetta er 22ja síðna plagg og er útprentanlegt á vefnum.

Í sjálfu sér er starf kennara alltaf til umræðu og hvaða þörfum þeir þurfa að mæta í skólustarfi hvers tíma. Það breytist eftir aðstæðum og viðfangsefnum. Þau viðmið sem

hér eru kynnt er ákveðin tilraun til að greina meginverkefni í starfi kennara. Viðmiðin eru:

1. Teachers are committed to students and their learning.
 2. Teachers know the subjects they teach and how to teach those subjects to students.
 3. Teachers are responsible for managing and monitoring student learning.
 4. Teachers think systematically about their practice and learn from experience.
 5. Teachers are members of learning communities.
- Er ekki nauðsynlegt að ræða hlutverk kennara?

Fræðiefnið



Skógarpróstur hefur fundið æti á Thorsplani á aðventu 2008.

VEFSLÓÐ: http://www.nbpts.org/UserFiles/File/what_teachers.pdf

Tilkynning vikunnar

Nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar haustið 2008 eru 3.735 og fækkaði um fimm nemendur frá síðasta skólaári. Flestir nemendur eru í Setbergsskóla, 544. Nokkrir nemendur í Hafnarfirði eru í einkaskólum eða í skólum í öðrum sveitarfélögum svo alls eru hafnafirskir nemendur 3.853.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
9. janúar 2009

Kennslusjónvarp og kennsluvefur

Teachers TV er kennslusjónvarp hugsað fyrir skólustarf í Bretlandi. Það er einnig vefur með aðgang að ýmsu kennsluefni og þá sérstaklega myndböndum sem hægt er að fræðast af og nota í kennslu.

Ýmsir möguleikar eru á vefnum og best að kynna sér þá og sjá hvað er í boði fyrir hvern kennara.

VEFSLÓÐ: <http://www.teachers.tv/>



Vefhornið

Vefurinn er flokkaður og má þar fá flokkun efnis eftir aldri nemenda, námsgreinum og hópum. Þá er að finna alls konar fréttir og fróðleik um skólustarf á vefnum. Skemmtilegur og vel uppbyggður vefur.